

## Fundargerð

### 2. fundur stjórnar fiskeldissjóðs

26. mars 2021

**Fundarstaður:** Fjarfundur á teams.

**Fundarmenn:** Haraldur Líndal Haraldsson, formaður, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson. Enn fremur Kolbeinn Árnason og Ása María H. Guðmundsdóttir frá ANR.

**Fundartími:** 14:30-15:30.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Frestað.

2. Drög að starfsreglum stjórnar Fiskeldissjóðs

Framlögð drög voru rædd og gerðar ýmsar athugasemdir og tillögur að breytingum. Helstu efnisatriði voru eftirfarandi:

- Að bætt verði inn ákvæði varðandi heimasíðu sjóðsins og efni á þeirri síðu
- Að bætt verði inn ákvæði um skyldu stjórnar til að ákveða og birta úthlutunarreglur áður en styrkir eru auglýstir til umsóknar
- Að sett verði inn skýrara ákvæði um starfsmann sjóðsins og hlutverk hans
- Nánar verði kveðið á um hvernig fara skuli með fyrirspurnir til sjóðsins og hvernig afgreiðslu þeirra skuli háttað
- Skýra betur verkferla varðandi mat á framgagni verkefna og hvenær skilyrðum fyrir greiðslu styrkja sé fullnægt

Starfsfólki ANR var falið að uppfæra reglurnar til samræmis við umræður og leggja fram fyrir næsta fund

3. Drög að úthlutunarreglum Fiskeldissjóðs

Framlögð drög voru rædd og gerðar ýmsar athugasemdir og tillögur að breytingum. Helstu efnisatriði voru eftirfarandi:

- Rætt var um til hvaða verkefna heimilt væri að veita styrki og hvort slíkar styrkveitingar væru takmarkaðar við verkefni sem tengdust fiskeldi. Niðurstaðan var sú að lögin gerðu afdráttarlaust ráð fyrir því að svo væri ekki, heldur töluðu þau almennt um styrki til að byggja upp innviði og þjónustu.

- Rætt um að styrkjum yrði aðeins úthlutað til eins árs í senn, en að gefin yrði kostur á að umsækjendur gefi upp hvort þeir hyggist sækja um að ári um framhaldsstyrki.
- Rætt var hvort rétt væri að skoða styrkveitingar til aðila sem þegar hefur þegið styrk til sama verkefnis úr öðrum opinberum sjóðum. Stjórnin taldi ekki rétt að útiloka að veita styrki þrátt fyrir önnur opinber framlög, þó var talað um að einhverjar girðingar þyrfti að setja varðandi þetta.
- Rætt var hvaða viðmið/kriteriur ætti að setja inn og hvernig þeim yrði gefið vægi. Þá var rætt hvernig best væri að koma slíku fyrir til að úrvinnslu umsókna væri best fyrir komið þannig að ákvarðanir yrðu teknar á grunni fyrir fram ákveðinna hlutlægra viðmiða.

Starfsfólki ANR var falið að uppfæra reglurnar til samræmis við umræður og leggja fram fyrir næsta fund

#### 4. Drög að reglugerð um Fiskeldissjóð

Rætt var að yfirfara drög að reglugerð eftir að skýrari mynd er komin á úthlutunarreglur og starfsreglur stjórnar og gera breytingar á drögum reglugerðar til samræmis við endanleg drög þeirra reglna.

#### 5. Önnur mál

Ákveðið var að fá fulltrúa Sambands sveitarfélaga á fund stjórnarinnar og tók formaður að sér að hafa samband við Guðjón Bragason til að bjóða þeim til fundar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð ritaði Kolbeinn Árnason.